

75. fundur

12. október 2017

1002007SA BOH

Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

75. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 12. október 2017 og hófst hann kl. 10:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FG og SÍ.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson f.h. FG. Svanhildur María Ólafsdóttir, Magnús Þór Jónsson f.h. SÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Erindi stjórnar Vonarsjóðs til samningsaðila, SNS, FG og SÍ, dags. 3. júlí 2017.

Skv. ákvörðun samningsaðila var ákveðið að vísa erindi sjóðsstjórnar til sameiginlegs fundar samstarfsnefnda Skólustjórafélags Íslands og Félags grunnskólakennara.

Málið rætt. Bjarna Ómari falið að kalla eftir nánari upplýsingum frá stjórn Vonarsjóðs um aðdraganda þessa erindis.

2. Viðmið vegna ferðakostnaðar innanlands.

Við endurskoðun á samþykktum og reglum Vonarsjóðs s.l. vor gleymdist innfærsla á viðmiði um að ef fjarlægð til námskeiðsstaðar er 100 km eða meira geti félagsmenn sótt um styrk vegna ferðakostnaðar.

Niðurstaða:

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna ferðakostnaðar og viðmiðið er áfram að fjarlægð til námskeiðsstaðar sé 100 km eða meira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.